

## Þingskjal 9

**Tillaga til ályktunar**  
– Áminningar og leikbann –**Tillagan hljóðar svona:**

Lagt er til að ársþing KSÍ 2024 samþykki eftirfarandi breytingu á reglugerð KSÍ um aga- og úrskurðarmál:

Það sem lagt er til að falli út er ~~yfirstrikað~~ en það sem lagt er til að bætist við er **rauðmerkt**.  
Tillagðar breytingar eru eftirfarandi:

**IV. kafli. VIÐURLÖG OG REFSINGAR**

## 13. grein - Viðurlög við agabrotum

## 13.1 Viðurlög við agabrotum ákvarðast sem hér segir:

13.1.1 Leikmaður sem fær eftirfarandi fjölda áminninga á sama keppnistímabili skal úrskurðaður í leikbann sem hér segir:

a) Í Íslandsmóti og Meistarakeppni KSÍ (telur saman)

- 4 áminningar – bann í 1 leik í Íslandsmóti
- 7 áminningar – bann í 1 leik í Íslandsmóti
- 10 áminningar – bann í 1 leik í Íslandsmóti
- Þriðja hver áminning eftir það - bann í 1 leik í Íslandsmóti

Leikmaður í félagi í efstu deild karla eða 1. deild karla sem fengið hefur 3 áminningar eða minna á yfirstandandi keppnistímabili að loknum 22. umferðum í efstu deild karla eða 1. deild karla skal ekki úrskurðaður í leikbann vegna 4. áminninga eftir upphaf á úrslitakeppni/umspili viðkomandi deilda.

Leikmaður í félagi í efstu deild kvenna sem fengið hefur 3 áminningar eða minna á yfirstandandi keppnistímabili að loknum 18. umferðum í efstu deild kvenna skal ekki úrskurðaður í leikbann vegna 4. áminninga eftir upphaf á úrslitakeppni viðkomandi deilda.

b) Í bikarkeppni KSÍ og í bikarkeppni neðri deilda (telur saman)

- 2 áminningar – bann í 1 leik í bikarkeppni KSÍ eða í bikarkeppni neðri deilda
- 4 áminningar – bann í 1 leik í bikarkeppni KSÍ eða í bikarkeppni neðri deilda
- Önnur hver áminning eftir það - bann í 1 leik í bikarkeppni KSÍ eða í bikarkeppni neðri deilda

Áminningar sem leikmenn í meistaraflokki fá í undankeppni í bikarkeppni KSÍ telja ekki í aðalkeppni hennar né í bikarkeppni neðri deilda. Úrskurðir sem kveðnir hafa verið upp um leikbönn vegna áminninga í undankeppni bikarkeppni KSÍ gilda þó í aðalkeppni í bikarkeppni KSÍ eða í bikarkeppni neðri deilda.

Áminningar sem leikmenn í meistaraflokki fá í aðalkeppni bikarkeppni KSÍ eða í bikarkeppni neðri deilda telja ekki að loknum 8 liða úrslitum þeirra keppna.

Úrskurðir sem kveðnir hafa verið upp um leikbönn vegna áminninga í aðalkeppni bikarkeppni KSÍ eða í bikarkeppni neðri deilda að loknum 8 liða úrslitum gilda þó í báðum keppnum.

**Greinargerð**

Núgildandi regla um fjölda gulra spjalda sem hefur þau áhrif á leikmaður sæti leikbanni hefur verið óbreytt um árábil þrátt fyrir fjölgun leikja. Í dag eru spilaðar 27. umferðir í Bestu deild karla og allt að 23. umferðir í Bestu deild kvenna auk þess sem leikjum hefur fjölgað í Lengjudeild karla vegna umspils um sæti í Bestu deild karla.

Líta þarf til þess þegar kemur að reglum um fjölda áminninga sem leiða til leikbanns. Tillaga þessi felur í sér að leikmaður sem hefur fengið þrjú eða færri gul spjöld í fyrstu 22. umferðum Bestu deildar karla eða eftir 18. umferðir Bestu deildar kvenna og fær fjórða gula spjaldið í úrslitakeppni, verður ekki úrskurðaður í leikbann af þeim sökum heldur fær hann leikbann ef hann fær sjöunda gula spjaldið í úrslitakeppni. Sama gildir um umspil í Lengjudeild karla eftir 22. umferðir.

Þannig verður leikmanni sem fengið hefur tiltölulega fá spjöld ekki gert að sæta banni í úrslitakeppni eða umspili sem gætu verið úrslitaleikur um fall úr deild, evrópusæti eða Íslandsmeistaratitil, vegna fjögurra gulra spjalda. Núgildandi regla felur í sér að leikmaður sem spilar í Bestu deild karla og hefur fengið þrjú gul spjöld í umferðum 1. – 25. og fær sitt fjórða gula spjald í 26. umferð missir af lokaleik tímabilsins vegna fjögurra gulra spjalda í 26. umferðum. Verði tillagan samþykkt mun slíkt ekki koma til, og þurfa leikmenn í framangreindum deildarkeppnum að fá sjöunda gula spjaldið í úrslitakeppninni eða umspili til þess að hljóta leikbann – hafi þeir ekki fengið meira en þrjú gul spjöld fyrir upphaf úrslitakeppni eða umspils.

**Víkingur R.**